

Sensor ehf.  
Þórsgötu 21a  
101 Reykjavík

Vestmannaeyjum 18. janúar 2018  
UST201801-185/P.V.B.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Bláfjallavegur**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Sensor ehf, dags. 16. janúar 2018, vegna leyfis til kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs á tímabilinu 18-21. janúar vegna verkefnisins Kanarí.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### ***Lýsing framkvæmdar:***

Tökur fara fram við veg 417 (Bláfjallaveg) ca 4,4 km frá gatnamótum við veg 47. Verið er að mynda bíl utan vegar. Bíllinn verður staðsettur 15 metra frá vegi og verður komið fyrir á tökustað og fjarlægður með kranabíl sem fer ekki útfyrir veg 417. Bíllinn verður staðsettur í snjó þar sem ekki er talin hætta á að undirlag skemmist. Búið verður að fjarlægja alla vökva og rafgeyma úr bílnum áður en hann verður staðsettur á tökustað. Við tükur verða notuð 1 plata af sykurgleri (14x20cm), 200 gr. af gúmmigleri og 22 lítrar af gervisnjó. Verða efnið staðsett inni í bílnum. Um er að ræða lífbrjótanleg (biodegradable) efni sem verða fjarlægð með ryksugu innan úr bílnum áður en hann er fjarlægður af tökustað. Að tókunum koma 14 manns. Aðeins örfáir úr starfslíðinu munu ganga inn á tökustað og fylgja sésniðnum leiðum þar sem mosi og hraun á ekki í hættu að skemmast. Aðstöðurúta og salerni ásamt bílum starfsfólks verða staðsett á bílastæði skammt frá tökustað.

#### ***Áhrifamat:***

Bíllinn sem nýttur er við tükurnar verður óökufær en staðsettur utanvegar. Þrátt fyrir að búið verði að fjarlægja alla vökva úr bílnum er aldrei hægt að fjarlægja öll efni 100% og því alltaf hætta á að efni smitist út í umhverfið, einkum ef bíllinn er laskaður. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á svæðið ef tekið er tillit til eftirfarandi skilyrða.

**Niðurstaða:** Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti kvikmyndatöku við Bláfjallaveg á tímabilinu 18-21. janúar að uppfylltum neðangreindum skilyrðum.

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tükur hefjast og þegar frágangi líkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.

- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er að leggja bílum utan vega nema skv. 1. mgr. 31. laga um náttúruvernd bílbreidd frá vegi ef að veldur ekki náttúruspjöllum eða slyshættu..
- Koma skal fyrir merkingum við tókustað þar sem fram kemur nafn framkvæmdaraðila og að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Gæta skal að mengunarvörnum bifreiðarinnar sem staðsett verður utan vegar og þess gætt að mengandi vökvar berist ekki í jarðveg með því að setja undir hann plötur eða dúk sem tæki við smiti og/eða lekum.
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökurnar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Kynna skal fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tókur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Umhverfisstofnun bendir á að samþykki landeigenda, Hafnarfjarðarbæjar, þarf fyrir tókununum.


#### *Eftirlit*


Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með framkvæmdinni og frágangi. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til kvikmyndagerðar og/eða myndatöku. Gjaldið er 52.600, sbr. 24. gr. b. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Vinsamlegast hafið þetta bréf meðferðis þegar unnið er við kvikmyndatökuna.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústadóttir  
Sviðstjóri

  
Þórdís Vilhelmina Þragadóttir  
Sérfræðingur